

Nd.

102. Frumvarp til laga

um framlög úr rikissjóði til Vestmannaeyja til verklegra framkvæmda.

Flm.: Ísleifur Högnason.

1. gr.

Árlega skal rikissjóður leggja fé til verklegra framkvæmda í Vestmannaeyjum, og skal upphæðin ákveðin þannig, að hún sé jafnmikill hluti af heildarupphæð þeirri, sem veitt er til vegamála ár hvert, og íbúafjöldi Vestmannaeyja er mikill hluti af íbúum landsins.

2. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar ákveður, hvernig þessu fé skuli varið, en þær ákvarðanir skulu lagðar fyrir atvinnunálaráðuneytið til staðfestingar.

3. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja er skylt að verja fé þessu til ákveðinna verklegra framkvæmda, svo sem vegagerðar, gatnagerðar, vatnsöflunar o. fl. þess háttar, og er ríkisstjórn óheimilt að greiða út féð nema til slíkra framkvæmda, og þá jafnóðum og þau eru unnin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1938.

Greinargerð.

Árlega er stórum fjárhæðum veitt til vegamála úr rikissjóði. En sem kunnugt er hafa Vestmannaeyjar engin bein not af þjóðvegum landsins, þó hinsvegar Vestmannaeyjabúar greiði alveg á við aðra borgara þjóðfélagsins í rikissjóð. Hér virðist því vera um bersýnilega ósanngirni að ræða, þar eð íbúar Vestmannaeyja greiða sinn hluta af framlagi ríkisins til atvinnubóta, en hafa engin bein not af vegunum. Það er því eðlilegt, að Vestmannaeyjum sé bætt þetta upp með því að rikissjóður leggi þeim ákveðna fjárupphæð, er standi í hlutfalli við íbúafjölda eyjanna. Íbúar Vestmannaeyja eru nú um 3% af íbúum landsins, en til vegamála eru áætlaðar rúm 1,5 millj. kr. í frv. til fjárlaga fyrir árið 1938, sem lagt hefir verið fyrir þingið. Framlag ríkisins samkvæmt lögum þessum yrði því um 45000 kr.

Nánar í framsögu.